

Ár 2008, fimmtudaginn 25. september, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Guðrínu Zoëga, Jakobi R. Möller og Jónasi Þór Guðmundssyni.

Fyrir var tekið:

## **Að ákveða laun og starfskjör forstjóra Lyfjastofnunar**

### **I.**

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 47/2006 um kjararáð, sbr. 1. gr. laga nr. 168/2007 um breyting á þeim lögum, er verkefni þess meðal annars að ákveða laun forstöðumanna ríkisstofnana.

Kjararáði barst bréf frá forstjóra Lyfjastofnunar, dagsett 3. júlí 2008, þar sem hann óskaði eftir að launakjör hans yrðu endurskoðuð. Í bréfinu sagði að miklar breytingar hefðu orðið á starfsemi Lyfjastofnunar frá þeim tíma að launaviðmið forstjóra hefði verið ákveðið af kjaranefnd árið 2001. Starfsmönnum hefði fjölgað um 56% frá árinu 2001 og væru þeir nú um 40. Alþjóðasamstarf Lyfjastofnunar hefði farið vaxandi, kröfur væru gerðar um vinnuframlag til vísinda- og sérfræðinefnda Lyfjastofnunar Evrópu, sem einnig hefði skapað tækifæri til tekjuöflunar þar sem greitt væri fyrir sum verkefnum. Lyfjalöggjöf Evrópusambandsins, ESB, hefði tekið breytingum síðustu árin sem yki vinnuálag bæði með auknum kröfum og nýjum verkefnum, svo sem um aukið vinnuframlag sérfræðinga til Lyfjastofnunar Evrópu og með nýjum eftirlitsverkefnum. Meðal eftirlitsverkefna væru eftirlit með klínískum lyfjaraunnsóknum, með starfsemi blóðbanka og vefjamiðstöðva og með framkvæmd lyfjagátar lyfjafyrirtækja. Stofnunin tæki að sér frummat á umsóknum um alþjóðlegt markaðsleyfi fyrir lyfjafyrirtæki. Lyfjatölfræði hefði færst frá heilbrigðisráðuneytinu til Lyfjastofnunar árið 2006 og útgáfa starfs- og rekstrarleyfa fyrir lyfjafyrirtæki og lyfsöluleyfshafa mundi færast til stofnunarinnar í haust. Að lokum sagði forstjórinn að fjölbreytni, umfang og ábyrgð hefði aukist verulega frá því að stofnunin hóf starfsemi og væri hún enn í vexti og þróun. Ábyrgð forstjórans og umfang starfsins væri umtalsvert meira en í fyrra starfi sem skrifstofustjóri í heilbrigðisráðuneyti. Lyfjastofnun gegni eftirlitshlutverki og sinnir faglegu mati á nýjum lyfjum, upplýsingagjöf til heilbrigðisstétta og almennings um lyf og skylda vöru samfara neytendavernd. Ef finna ætti samjöfnuð við aðra embættismenn væri nærtækt að miða við landlækni.

### **II.**

Kjararáð gaf heilbrigðisráðuneyti og fjármálaráðuneyti, með bréfum dagsettum 12. ágúst 2008, kost á að koma sjónarmiðum um erindið á framfæri við ráðið. Fjármálaráðuneytið svaraði með bréfi dagsettu 15. ágúst 2008. Heilbrigðisráðuneytið staðfesti í bréfi sínu dagsettu 1. september 2008 þær upplýsingar sem fram komu í bréfi forstjórans um að starfsemi og rekstrarumfang hefði vaxið umtalsvert frá árinu 2001, en það ár hefði verið fyrsta starfsár Lyfjastofnunar. Ráðuneytið taldi eðlilegt að launakjör forstjórans tækju mið af umfangi, verkefnum sem væru mjög sérhæfð og flókin, og launakjörum forstöðumanna sambærilegra ríkisstofnana.

### **III.**

Lyfjastofnun var sett á fót árið 2000, en með lögum nr. 108/2000 var gerð breyting á lyfjalögum nr. 93/1994 og var starfsemi lyfjanefndar ríkisins og Lyfjaeftirlits ríkisins færð til nýrrar stofnunar, Lyfjastofnunar. Með lögum nr. 58/2005 var lyfjalögum breytt vegna nokkurra gerða ESB, þ.e. tilskipana um setningu gæða- og öryggisstaðla fyrir söfnun, prófun,

vinnslu, geymslu og dreifingu blóðs og blóðhluta úr mönnum og um lyf sem ætluð eru mönnum, lyf sem ætluð eru dýrum og fleira. Í þeim lögum var Lyfjastofnun meðal annars falið að hafa eftirlit með starfsemi blóðbanka sem varðar meðal annars meðferð og geymslu blóðs og blóðafurða. Með lögum nr. 97/2008 var gerð breyting á lyfjalögum sem tekur gildi 1. október 2008. Þau lög fela meðal annars í sér að Lyfjastofnun er falið að fjalla um umsóknir og gefa út lyfsöluleyfi, innflutnings- og framleiðsluleyfi en þessi umsýsla hefur verið í höndum heilbrigðisráðuneytisins

#### IV.

Í 8. gr. laga um kjararáð segir, að það skuli við úrlausn mála gæta innbyrðis samræmis í starfskjörum þeim sem það ákveður, og að þau séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar. Við ákvörðun launakjara samkvæmt 4. gr. laganna skuli sérstaklega gæta samræmis milli þeirra og þeirra kjara hjá ríkinu sem greidd eru á grundvelli kjarasamninga annars vegar og ákvarðana kjararáðs samkvæmt 3. gr. hins vegar. Þá skuli kjararáð ætíð taka tillit til almennrar þróunar kjaramála á vinnumarkaði.

Í 10. gr. laga um kjararáð segir að ráðið skuli taka mál til meðferðar þegar því þyki þurfa og ætíð ef orðið hafi verulegar breytingar á þeim launum í þjóðfélaginu sem höfð skulu til viðmiðunar samkvæmt lögum þessum eða á störfum þeim sem úrskurðarvald þess tekur til.

Kjararáð hefur ekki áður tekið ákvörðun um laun forstjórans en kjaranefnd ákvað honum laun 19. júní 2001. Eins og rakið er í III. kafla hafa orðið nokkrar breytingar á lögbundnu hlutverki Lyfjastofnunar auk þess sem umfang starfseminnar hefur aukist meðal annars með kröfum um aukna þátttöku í alþjóðasamstarfi, til dæmis við að meta öryggi lyfja og umsóknir um markaðsleyfi, vísindaráðgjöf og fleira. Kjararáð hefur með hliðsjón af framansögðu ákveðið að laun og önnur starfskjör forstjórans skuli vera sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Frá og með 1. október 2008 skulu mánaðarlaun forstjóra Lyfjastofnunar vera samkvæmt launatöflu kjararáðs nr. 502, launaflokki 134, nú 659.654 krónur. Að auki skal greiða honum 22 einingar á mánuði fyrir alla yfirvinnu er starfinu fylgir.

Eining er 1% af launaflokki 132 í launatöflu kjararáðs nr. 502, nú 6.171 króna. Einingar greiðast alla mánuði ársins, einnig í sumarleyfi. Af því leiðir að ekki er greitt orlofsfé á einingar.

Laun eru við það miðuð að um fullt starf sé að ræða og þannig ákveðin að ekki komi til frekari greiðslna nema kjararáð úrskurði um það sérstaklega.

Um almenn starfskjör forstjórans gilda reglur kjararáðs frá 30. maí 2007.

---

Guðrún Zoëga

---

Jakob R. Möller

---

Jónas Þór Guðmundsson